

Stofnanasamningur Sjúkraliðafélags Íslands og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

1. Gildissvið

Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) og Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins (HH) gera með sér eftirfarandi stofnanasamning sem byggir á kjarasamningi Sjúkraliðafélags Íslands og fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, dags 9. mars 2020. Stofnanasamningur þessi nær til allra félagsmanna í SLFÍ sem starfa hjá HH og njóta ráðningarkjara samkvæmt gildandi kjarasamningi Sjúkraliðafélags Íslands og fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd ríkissjóðs.

2. Markmið

Samningsaðilar eru sammála um eftirfarandi meginmarkmið stofnanasamningsins:

- Að launakerfið verði sveigjanlegt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti og stuðli að jöfnun launa fyrir sambærileg störf án tillits til kynferðis.
- Að launakerfið miðist við að ráða, halda í og styðja sjúkraliða sem hafa hæfni og vilja til að leysa þau verkefni sem stofnuninni er ætlað að sinna.
- Að launakerfið nýtist sem stjórnæki til að ná fram markmiðum stofnunarinnar.
- Að launakerfið stuðli að uppbyggingu og viðhaldi á góðri þekkingu innan HH.
-

3. Starfaflokkar og röðun

3.1. Við framkvæmd á samningi þessum skal byggt á grunnforsendum kjarasamnings og horft til staðsetningar starfa í skipuriti stofnunar, eðli starfa, ábyrgðar og umfangs. Miðað skal við að um sé að ræða viðvarandi/stöðugt verkswið. Röðun skal byggð á hlutlægum mælikvörðum eftir því sem unnt er.

Hópur	Gr. lfl. þr.	Skýring
Nemi	11 – 0	Sjúkraliðanemi í starfsþjálfun skv. námskrá.
I	13 – 3	Sjúkraliði 1, byrjandi fyrstu 6 mánuði í starfi.
II	17 – 2	Sjúkraliði 2, reyndur sjúkraliði samkv. starfslýsingu.
III	22 – 1	Sjúkraliði 3, sjúkraliði sem sinnir sérhæfðum verkefnum samkvæmt starfslýsingu.

3.2. Sjúkraliði sem sinnir heimahjúkrun fær fjóra launaflokka til viðbótar grunnröðun.

4. Persónubundnir þættir

4.1 Starfsaldur/starfsreynsla á fagsviði er metinn á láréttum ás til launaprepa.

- Sjúkraliði hækkar um 1 launaprep eftir þriggja ára starf í heilsugæslu.
- Sjúkraliði hækkar um 1 launaprep eftir níu ára starf í heilsugæslu.
- Sjúkraliði hækkar um 1 launaprep eftir fimmtán ára starf í heilsugæslu.

Heimilt er að meta starfsreynslu á fagsviði vegna starfa utan heilsugæslu.

4.2 Viðbótarmenntun er metin á láréttum ás. Um er að ræða mat á formlegu framhaldsnámi sjúkraliða skv. staðfestri námskrá mennta- og menningarmálaráðuneytis, sem nýtist í starfi en þess er ekki krafist skv. starfslýsingu.

Stofnanasamningur HH og SLFÍ

- Framhaldsnám sjúkraliða ein önn á sérsviði, 1 launaprep.
- Sjúkraliði sem lokið hefur framhaldsnámi sjúkraliða í fleiri en einni grein (einnar annar nám sérsviði) sem nýtist honum í starfi, hækki um 1 launaprep til viðbótar.
- Framhaldsnám sjúkraliða eins árs sérnám, eða 60 ECTS eininga fagnám við HA til diplómaprófs fyrir starfandi sjúkraliða, 2 launaprep.

4.3 Matsnefnd á vegum samstarfsnefndar HH og SLFÍ, sem skipuð er einum fulltrúa frá hvorum aðila hefur umsjón með og gerir tillögur um mat á námskeiðum og öðru námi sem nýtist sjúkraliðum í starfi. Símenntun er metin með álagi á láréttum ás eins og hér segir:

- 80 námskeiðsstundir, 1 launaprep
- 130 námskeiðsstundir, 1 launaprep
- 240 námskeiðsstundir, 1 launaprep
- 300 námskeiðsstundir, 1 launaprep

4.4. Tímabundið álag.

Heimilt er að greiða sjúkraliða tímabundið í 6 mánuði álagsþrep vegna sérstakrar hæfni og frammistöðu og skal þá meðal annars horft til eftirfarandi þátta:

- Vilji til að takast á við ný verkefni án þess að til komi fækkun annarra verkefna
- Sveigjanleiki til að fara á milli teyma
- Starfar undir auknu álagi til dæmis vegna veikinda eða undirmönnunar.

4.5 Álag fyrir sérhæfða teymisvinnu er greitt með álagi á láréttum ás eins og hér segir:

- Geðteymi HH 1 launaprep sbr. bókun 4 í þessum samningi.

4.6 Álag fyrir kvöld /næturvinnu er greitt með álagi á láréttum ás eins og hér segir:

- Sjúkraliði sem sinnir kvöldvinnu sem nemur 30-49% af fullu starfi hækkar um 1 launaprep (með kvöldvinnu er átt við tímabilið frá kl. 17:00-24:00).
- Sjúkraliði sem sinnir kvöldvinnu sem nemur 50% af fullu starfi eða meira hækkar um 2 launaprep (með kvöldvinnu er átt við tímabilið frá kl. 17:00-24:00).
- Sjúkraliði sem sinnir næturvinnu sem nemur 30-49% af fullu starfi hækkar um 1 launaprep (með næturvinnu er átt við tímabilið frá kl. 00:00-08:00).
- Sjúkraliði sem sinnir næturvinnu sem nemur 50% af fullu starfi hækkar um 4 launaprep (með næturvinnu er átt við tímabilið kl. 00:00-08:00).

4.7 Starfsmaður sem hefur áunnið sér hækkun, vegna persónubundinna þátta o.fl., ofan á grunnlaunatölu launaflokks, sem er umfram átta álagsþrep, færast í næstu launatölu í næsta launaflokki fyrir ofan, að andvirði einnar þrepa hækkunar.

5. Starfsmannasamtöl

Leitast skal við að regluleg og kerfisbundin starfsmannasamtöl starfsmanns og næsta yfirmanns skuli fara fram einu sinni á ári. Í þeim samtölum er fyrst og fremst rætt um starfið, starfsþróun, frammistöðu og hæfni starfsmanns, afköst og vinnuaðstöðu, líðan í starfi o.fl, sbr. verklag þar um. Starfslýsingar skulu liggja til grundvallar starfsmannasamtali.

6. Gildistími

Samningur þessi gildir frá 1.janúar 2022 og er byggður á kjarasamningi milli fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, annarsvegar og Sjúkraliðafélags Íslands hins vegar, dagsettur 9. mars 2020.

Reykjavík, 1. júlí 2022

F.h. Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

F.h. Sjúkraliðafélags Íslands

Svava Þorkeldsdóttir
Jónas Guðmundsson
Ingunn Sigurgeirsdóttir
Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir
Stefán Aðalsteinsson

Sandra Bryndísardóttir Franks
Gunnar Örn Gunnarsson
Ágúst Ólafur Ágústsson

Bókun 1

Við undirritun þessa samnings fellur grein 4.6 úr fyrri stofnanasamningi (frá 2018) um lífaldursþrep niður. Þeir sjúkraliðar sem hafa fengið greidd lífaldursþrep fyrir undirritun þessa samnings halda þeim en fá ekki til viðbótar þrep vegna 15 ára starfsaldurs hjá heilsugæslu.

Bókun 2

Aðilar eru sammála um að stefnt skuli að því að fjölga sjúkraliðum í starfsheiti sjúkraliði III.

Bókun 3

Aðilar eru sammála um að til að vinna gegn mönnunarvanda heilbrigðiskerfisins þarf að nýta getu sjúkraliða og menntun. SLFÍ hvetur stjórnendur innan heilbrigðiskerfisins til að þróa nýjar starfsleiðir, ný tækifæri til starfsframa og fela sjúkraliðum aukna ábyrgð og verkefni.

Bókun 4

Verði stofnað sérstakt samstarfsteymi milli LSH og HH er varðar sérhæfða teymisvinnu skal það metið sbr. grein 4.5 í þessum stofnanasamningi.

Bókun 5

Stefnt er að því í kjölfar kjarasamninga vorið 2023 að skoða möguleika á frekara mati á símenntun sjúkraliða.